

4
20. jan.

4. gr.
Brot gegn fyrirmælum þessum varða sektum, eða varðhaldi eða fangelsi, ef sérstaklega miklar sakir eru.
Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.
Fyrirmæli þessi, sem sett eru samkvæmt heimild í 7. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941, öðlast gildi 1. febrúar 1943, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. janúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

5
26. jan. Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Björns Jónssonar, „Móðurmálssjóðinn““, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju-málaráðherra 26. janúar 1943.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Björns Jónssonar, „Móðurmálssjóðinn“.

1. gr.
Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Björns Jónssonar „Móðurmálssjóðurinn“.
2. gr.
Stofnfé sjóðsins er 15211.08 krónur, sem fengið er sumpart með gjöfum ýmsra á árunum 1913 og 1914 og sumpart með gjöfum og tillögum um áramótin 1942—1943.
3. gr.
Tilgangur sjóðsins er að verðlauna mann, sem hefur aðalstarf sitt við blað eða tímarit, og hefur, að dómi sjóðstjórnarinnar undanfarin ár ritað svo góðan stíl og vandað íslenzkt mál, að sérstakrar viðurkenningar sé vert. Eigi má veita sama manni þessi verðlaun oftár en einu sinni á fimm árum. Verðlaununum skal að jafnaði varið til utanfarar.
4. gr.
Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum. Tveir þeirra eru sjálfkjörnir, en hinir skipaðir til 6 ára í senn, þeir fyrstu frá 14. jan. 1943 að telja til 31. des. 1948. Nú fellur einhver þessara manna frá eða forfallast af öðrum orsökum og velja þá hinir sjóðstjórnendurnir mann í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins.

Stjórnina skipa:

A. Sjálfkjörnir:

1. Aðalprófessorinn í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Er hann formaður stjórnarinnar.
2. Háskólakennari í íslenzku nútímamáli eða sá maður, sem hefur eftirlit með móðurmálsskennslu í íslenskum skólum, eða, ef enginn er slíkur háskólakennari eða eftirlitsmaður, þá aðalíslenzkukennarinn við Menntaskólann í Reykjavík.

B. Kjörnir:

3. Einn maður skipaður af menntamálaráðherra.
4. Maður kjörinn af Bláðamannafélagi Íslands eða hliðstæðum félagsskap.
5. Einhver niðja Björns Jónssonar ritstjóra og ráðherra, sem hinir stjórnarmennirnir kjósa.

5

26. jan.

5. gr.

Fjárgæzla sjóðsins skal falin Landsbanka Íslands eða sjóðstjórnardeild hans, ef slík deild verður sett á stofn. Skal þess jafnan gætt að fé sjóðsins beri vexti og má í því skyni verja fé hans til kaupa á veðdeildarbréfum og öðrum jafntryggum veðbréfum. Hlutabréf má aldrei kaupa fyrir eignir sjóðsins.

Hagur sjóðsins skal gerður upp fyrir lok desembermánaðar ár hvert og reikningar hans birtir á þann hátt, sem sjóðstjórnin ákveður.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól hans svo og gjafir, er honum kynni að hlotnast. Skulu tekjurnar leggjast við höfuðstólinn, sbr. þó ákvæði 7. gr.

7. gr.

Útborgun verðlauna úr sjóðnum skal fara fram á fæðingardegi Björns Jónssonar, 8. október ár hvert, í fyrsta skipti á 100 ára fæðingardegi hans 8. október 1946. Verðlaunin skulu nema $\frac{3}{4}$ vaxta er safnast hafa en $\frac{1}{4}$ jafnan lagður við sjóðsupphæðina. Sjóðstjórnin getur ákveðið að úthluta verðlaunum annaðhvort eða jafnvel þriðja hvert ár. Skal þá næsta úthlutun nema $\frac{3}{4}$ hlutum vaxta tveggja undanfarinna ára.

8. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari og skal skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 14. janúar 1943.

Guðrún Björnsdóttir. Borgh. Björnsson. Sveinn Björnsson.

Ísafoldarprentsmiðja h/f

Jón Hermannsson. Gunnar Einarsson.

AUGLÝSING

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. okt. 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

6

28. jan.

Á tímabilinu frá 29. janúar til 31. maí þ. á., að báðum dögum meðtöldum, geta íslensk og færeysk skip, sem flytja frystan eða ísvarinn fisk til Bretlands, fengið fyrstu og síðustu afgreiðslu í Hornafirði.

Skipin mega enga farþega flytja.

Þessi undanþága gildir þar til öðruvísi verður ákveðið.

Fjármálaráðuneytið, 28. janúar 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.